

Föstudaginn 19. maí 1972.

Nr. 12/1972. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ingólfi Ásgrímssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lögð hefur verið fram í Hæstarétti greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 11. febrúar 1972, en þar segir svo um staðarákvarðanir þær, sem á reynir í máli þessu:

„Í kortinu eru:

A = staður bátsins samkvæmt mælingu flugvélarinnar kl. 1449 h. 23/11 1971. Staður A mælist um 2,2 sjóm. frá landi, eða um 0,8 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1456, um 2,8 sjóm. frá landi, eða um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Fyrri mælingar flugvélarinnar eru fjarlægðarákvarðanir á bátnum frá landi, reiknaðar eftir flugtíma og hraða flugvélarinnar. Fyrsta mæling frá landi til bátsins kl. 1438—1439 gefur fjarlægð hans frá landi um 1,7 sjóm., eða um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Önnur fjarlægðarákvörðun kl. 1441—1443, sem gerð er með meðaltali af flugtíma frá bátnum til lands og frá landi til bátsins, gefur fjarlægð hans frá landi um 1,9 sjóm., eða um 1,1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Ekki er hægt að setja staði bátsins við þessar mælingar út í sjókortið, þar sem aðeins eru gefnar fjarlægðir frá landi.

Skipstjóri Steinunnar kveðst hafa gert lauslega staðarákvörðun um kl. 1300, þegar hann kastaði, 8—9 sjóm. austnorð-austur frá Ingólfshöfða, rétt utan við fiskveiðilínuna. Ekki er hér tekið fram, hvort átt er við segul-átt eða réttvísandi átt. Ég hef því dregið þessa miðun í kortið bæði eftir

segul-átt og ráttvísandi átt og markað á hana punkta, $X = 8$ sjóm. og $Y = 9$ sjóm. frá Ingólfshöfða miðað við segulátt; $X_1 = 8$ sjóm. og $Y_1 = 9$ sjóm. frá Ingólfshöfða miðað við réttvísandi átt. X mælist um 1,4 sjóm. og Y um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. X_1 mælist um 1,4 og Y_1 um 1,7 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt flóðtöflu fyrir Reykjavík og flóðmun fyrir Reykjavík og Ingólfshöfða hefur síðdegisfjara við Ingólfs- höfða verið kl. 1555 h. 23/11 '71, en samkvæmt því hefði átt að vera austurfall með landinu fyrir austan Ingólfshöfða á tímabilinu frá kl. 1300 til þess tíma, er flugvélin gerði mælingar sínar. Hefði því bátinn átt að reka austur með landinu á þessum tíma. Hafi verið suðvestan kvika, en skipverjum ber saman um, að svo hafi verið og að verið hafi suðvestan átt dagana áður, má telja líklegt, að hann hafi jafnframt borið heldur nær landi“.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 17. þ. m., jafngilda 100 gullkrónur 4.335.16 seðlakrónum.

Málsatvik eru skilmerkilega greind í héraðsdómi. Þykir háttsemi ákærða varða við þau ákvæði, er í héraðsdómi greinir, sbr. lög nr. 21/1969 og nú lög nr. 89/1971. Ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslu- frestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Það athugast, að lögreglumaður sá, er fyrst tók skýrslu af ákærða 24. nóvember 1971, gætti eigi ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ingólfur Ásgrímsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 26. nóvember 1971.

Ár 1971, föstudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Skaftafellssýslu, sem háð var á Hótel Höfn, Hornafirði, af Sigurði G. Thoroddsen ásamt meðdómsmönnum Tryggva Sigjónssyni og Sigurði Einarssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 8/1971: Ákærvaldið gegn Ingólfi Ásgrímssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 25. þ. m., gegn Ingólfi Ásgrímssyni, Hlíðartúni 19, Höfn, Hornafirði, fæddum 7. janúar 1945 á Vopnafirði, skipstjóra á vélbátnum Steinunni, SF 10, sem er 72 brúttó rúmllestir, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis þriðjudaginn 23. nóvember 1971 út af Kvíarjökli austan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum 2. gr. C 1 og C 2 nefndra laga nr. 21/1969, þau lög að öðru leyti, svo og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákæríst því nefndur Ingólfur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur áður sætt kærnum og refsingum sem hér segir:
1966 22/11 í Reykjavík: Sátt, 4.000.00 kr. sekt vegna ölvunar við akstur. Ökuleyfissvipting í 6 mánuði.
1967 25/1 í Reykjavík: Sátt, 1.000.00 kr. sekt fyrir brot á 45. og 48. gr. umferðarlaga.

Í skýrslu skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, dagsettri 24. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 23. nóvember 1971 stóð gæzluflugvélin N842NS mb. Steinunni, SF 10, að ólöglegum togveiðum innan 3 mílna fiskveiðitakmarkanna út af Kvíárjökli.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 23. nóvember var gæzluflugvélin N842NS á eftirlitsflugi við SA-land. Um kl. 14.36 var komið auga á bát út af Kvíárjökli, er virtist innan fiskveiðitakmarkanna. Báturinn virtist kyrrstæður, og sneri stefninu vestur um.

Kl. 14.38 var flogið frá ströndinni í átt yfir bátinn og tíminn tekinn með tveim skeiðklukkum, sem báðum bar saman.

Hraði flugvélarinnar var 153 hnútar, flughæð 1000 fet, tími frá ströndinni að bátnum 40,4 sekúndur, sem gefur stað bátsins um 1,7 sml. frá landi.

Var nú flogið niður að bátnum, og kl. 14.40 sást, að báturinn hafði úti vörpuna, og á stb. sáust einkennisstafirnar, SF 10. Einnig sáust menn á þilfari.

Kl. 14.41 var flogið yfir bátinn í land. Flugstefna r.v. 330°. Flughraði 140 hnútar. Flughæð 300 fet. Tími frá bátnum að fjöruborði 51,5 sekúndur, sem tekinn var með tveimur skeiðklukkum, er bar saman.

Síðan var snúið við og flogið frá landi með stefnu á bátinn, sem þá var kominn á ferð út frá landi. Flughraði 140 hnútar. Flugstefna r.v. 140°. Flughæð 400 fet. Tíminn frá fjöruborði að bátnum 45,5 sekúndur, sem mældur var með tveimur skeiðklukkum, er bar saman.

Gefur þetta meðalflugtíma 48,5 sekúndur, sem gefur stað bátsins um 1,9 sml. frá landi.

Kl. 14.45 var flogið niður að bátnum og sást, að hann hafði innbyrt vörpu sína, sem öll var í hrúgu á þilfarinu.

Kl. 14.49 var flogið yfir bátinn og gerð eftirfarandi sextantmæling:

Ingólfshöfðaviti	
△ Salthöfði	> 27° 15'
△ Rákartindur	> 89° 28'

Gefur það stað bátsins um 2,2 sml. frá landi.

Kl. 14.52 var enn flogið niður að bátnum, sem þá hafði ca. 190° stefnu r.v., en þeirri stefnu hafði hann haldið, frá því hann setti á ferð.

Var nú flogið yfir bátinn nokkrum sinnum, og kl. 14.56 var gerð önnur sextantmæling yfir bátnum.

Ingólfshöfðaviti	
△ Salthöfði	> 31° 33'
△ Rákartindur	> 81° 57'

Gefur það stað bátsins 2,8 sml. frá landi.

Um kl. 14.59 var báturinn yfirgefinn, og flugvélin hélt áfram til gæzlustarfa.

Eftir að báturinn var yfirgefinn, var reynt að hafa samband við hann gegnum talstöðina á 2311 KC, en ekkert samband náðist við bátinn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Mælingar voru gerðar af skipherra og stýrimanni með sextöntum og skeiðklukkum.

Venjulegur háttur var á hafður við mælingar. Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir bátsins eru merktir kl. 14.49 og kl. 14.56.

Veður NV-3, skyggni ágætt“.

Skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, Helgi Hallvarðsson, mætti fyrir sakadómi Akureyrar og staðfesti undirritun sína á framangreindri skýrslu, sem væri sönn og rétt. Sagði hann punktana á sjókortinu setta út af stýrimanninum, en yfirfarna af sér.

Hann sagði, að báturinn hafi ekki verið að toga, er að honum var komið, en varpan hafi verið á síðunni og pokinn legið úti í sjó. Enginn fiskur hafi sézt á dekkinu, hvorki áður né eftir að varpan var tekin inn fyrir, enda taldi hann, að pokinn hafi verið ófráleystur.

Ekki tók hann eftir því, hvort hlerarnir voru fyrir utan, er fyrst var komið að bátnum, en er að honum var komið, eftir að hann var kominn á ferð, voru hlerarnir fyrir innan. Enn fremur sagði hann, að stjórnborðshlið bátsins hafi snúið að landi, er að honum var komið. Af legu pokans hafi mátt ráða, að bátinn rak frá landi. Skipherrann vann eið að framburði sínum.

Þá mætti einnig fyrir sama dómi Ólafur V. Sigurðsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni. Hann kveðst hafa verið í gæzluflugvélinni í greint sinn. Hann kveðst hafa tekið þátt í öllum mælingum, sem fram koma í skýrslu skipherra, og staðfestir þær réttar. Einnig kveðst hann hafa unnið að útsetningum á sjókortinu eftir beztu vitund og þekkingu. Hann sagðist hafa séð, að hluti vörpunnar var í sjónum, er fyrst var komið að bátnum. Ekki kvaðst hann hafa veitt hlerunum athygli, fyrr en eftir að báturinn var kominn á ferð, en þá voru þeir innan borðstokks. Engan fisk kvaðst hann hafa séð á dekki bátsins né í vörpunni.

Sjóklæddir menn hafi verið á dekki bátsins, þegar komið var að og alveg þar til þeir yfirgáfu bátinn. Hann sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því við fyrsta aðflug, hvort verið var að taka vörpuna eða setja hana út. Stýrimaðurinn staðfesti framburð sinn með eiði.

Þá kom enn fyrir sama dóm flugmaður á nefndri gæzluflugvél, Þórhallur Karlsson. Sagði hann, að í flugvélinni væri hraðamælir, sem sýni hraða vélarinnar gegnum loftið. Þess hafi verið gætt að halda stöðugum hraða milli staða. Hann kveðst hafa séð ein-kennisstafi bátsins, SF 10. Hann vann eið að framburði sínum.

Ákærði kom fyrir sakadóm Skaftafellssýslu. Kvaðst hann hafa farið í róður frá Höfn kl. 0900 þriðjudaginn 23. þ. m. Hafi verið siglt vestur með landi, en ekkert kastað fyrr en um kl. 1300. Þá gerði hann lauslega staðarákvörðun, og reyndist báturinn samkvæmt henni vera um 8—9 sjómílar austnorðaustur af Ingólfshöfða, rétt utan við fiskveiðilínu. Hann segir, að hlerarnir hafi flækt saman svo og trollið. Hafi vírarnir því verið hífðir strax inn. Um kl. 1320 hafi þeir verið búnir að greiða úr hleraflækjunni og þeir komnir upp í gálga. En ekki hafi tekizt að greiða úr trollflækjunni, fyrr en um það leyti sem hann varð var við flugvél. Þá var kl. milli 1430 og 1500. Hann grunaði, að þetta væri flugvél frá Landhelgisgæzlunni og hafði því talstöðina opna í báti sínum, ef hún vildi ná sambandi við hann. Þar sem ekki var haft samband við bátinn, áleit ákærði, að þetta væri einhver önnur flugvél. Segist ákærði hafa vitað, að hann var innan fiskveiðilínu. Hann kveðst ekki geta mótmælt staðarákvörðunum Landhelgisgæzlunnar. Er trollflækjan greiddist, eins og áður segir, setti ákærði á ferð í suðvestur. Hann segir, að fyrst eftir að trollið flæktist, hafi þeir skverað trollið, en flækjan hafi ekki greiðzt við það. Þá hafi þeir látið reka. Hann segir, að um þetta leyti hafi verið norðanandvari. Hins vegar hafi verið suðvestankvika vegna ríkjandi suðvestanáttar dagana áður. Bátinn hafi því fremur borið að landi. Hann segir, að er flugvélin flaug yfir, þá hafi stjórnborðssíða snúið að landi og pokinn verið þeim megin, enda sé hann innbirtur stjórnborðsmegin.

Vitnið Bragi Emilsson, 2 vélstjóri á m/b Steinunni, sagði, að kastað hafi verið um kl. 1300 s.l. þriðjudag austan við Ingólfshöfða. Trollið hafi kastast óklárt og því hífst strax aftur, vírarnir dregnir alveg inn strax, greitt úr hleraflækjunni og þeir síðan settir upp í gálga. Ekki kvaðst hann muna, hvenær hlerarnir voru teknir inn fyrir lunninguna. Hann sagði, að unnið hafi verið

við að greiða úr trollflækjunni til kl. 1400 eða 1500. Á meðan hafi trollið legið út af lunningunni. Um það leyti sem flugvél flaug yfir bátinn kl. 1430—1500, hafi verið sett á ferð í suðvestur. Hafi þá verið nærri búið að greiða úr flækjunni. Hann sagði, að á þessum tíma hafi verið norðangola, en kvika að suðvestan.

Hann kvað engan fisk hafa verið í pokaum eða í bátnum í umrætt sinn. Hann sagðist ekki hafa orðið var við á þessu tímabili neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta. Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Vitnið Arnór Kristjánsson, 1. vélstjóri á m/b Steinunni, sagði, að kl. rúmlega 1430 hafi hann orðið var við flugvél, sem flaug yfir bátinn, og taldi vitnið, að um flugvél frá Landhelgisgæzlunni væri að ræða. Þá hafi skipverjar verið langt komnir að greiða úr trollflækju, hafi trollið verið flækt frá því um kl. 1300. Orðið óklárt, strax er kastað var. Hafi því verið híft inn upp að hlerum, strax er þeir hafi verið flæktir. Greitt hafi verið úr og þeir síðan hífðir upp í gálga. Hann sagðist ekki hafa orðið var við á þessu tímabili neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta. Er búið var að greiða úr flækjunni, var siglt í suðvesturátt. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Vilmundur Guðmundsson, matsveinn á m/b Steinunni, sagði, að kastað hafi verið um kl. 1300, en þar sem trollið hafi flækzt, hafi verið híft strax aftur. Síðan hafi verið unnið að því að greiða úr flækjunni, allt þar til flugvél sveimaði yfir bátnum rúmlega kl. 1430 og nokkuð lengur. Þeir hafi sett á ferð, um það leyti sem flugvélin var yfir bátnum. Hann sagði, að hlerarnir hafi verið komnir upp í gálga, fljótlega eftir að flæktist, en þeir ekki að tiltaka neinn tíma. Hann kvað hafa verið suðvestan-kviku í umrætt skipti og norðangolu. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neina tilburði í þá átt, að ætti að fara að kasta á umræddu tímabili. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Sveinsson, stýrimaður á m/b Steinunni, sagðist hafa verið ræstur upp rétt fyrir kl. 1300 s.l. þriðjudag, er átti að fara að kasta. Ekki gat hann sagt, hve langt báturinn var þá frá landi, þar sem hann fór ekki upp í brú. Þegar kastað var, voru troll og hlerar í flækju. Var því híft mjög fljótlega upp að hlerum. Hann sagði, að tekizt hefði að mestu að greiða úr trollflækjunni, þegar flugvél sveimaði yfir bátnum rúmlega kl. 1430. Þá voru hlerarnir löngu komnir í gálga. Hann sagði, að þann tíma, sem verið var að greiða úr trollinu, hafi varpan verið hengd upp í bómu, nokkuð af henni yfir lunninguna og í sjó.

Hann kveðst ekki hafa hugmynd um, hvort ætlunin var að kasta á þessum slóðum, þegar flækjan væri greidd. Ekkert virtist honum benda til þess. Hann kvað hafa verið norðanandvara þennan tíma og suðvestankviku. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Einnig kom fyrir dóminn sem vitni skipstjórinn á m/b Eskey, SF 54, Sigtryggur Benediktz. Hann kvaðst hafa hafið togveiðar á m/b Eskey ca. 9 sjómílum austan við Ingólfshöfða rétt utan við fiskveiðilínu um kl. 1400 s.l. þriðjudag. Kvaðst hann þá hafa séð m/b Steinunni, SF 10, þar skammt fyrir innan, sem lá með stjórnborðssíðu upp í norðankulið. Ekki sá hann, hvað mennirnir á dekkinu voru að aðhafast, en honum sýndist sem báturinn ætti í einhverjum erfiðleikum með trollið. Frá því hann kom á umrætt svæði og þar til hann varð var við flugvél sveima yfir m/b Steinunni, kveðst hann ekki hafa séð, að m/b Steinunn hafi togað, heldur var eins og hún léti reka. Hann segir, að þennan tíma hafi verið norðaustanandvari ca. 2 vindstig, sjór hafi verið nær sléttur, en daginn áður hafi verið hvöss vestanátt. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Eins og framanritað ber með sér, hefur ákærði ekki mótmælt staðarákvörðunum starfsmanna Landhelgisgæzlunnar. Verður að telja sannað með eiðsvörnum framburði þeirra, að m/b Steinunn, SF 10, hafi verið innan leyfðra fiskveiðitakmarka, er mælingar gæzluflugvélarinnar voru gerðar.

Einnig þykir sannað í málinu, að hluti vörpu m/b Steinunnar hafi verið í sjó innan fiskveiðitakmarkanna umrætt sinn. Hins vegar kveðst ákærði ekki hafa verið að togveiðum. Frásögn hans og skýring á þessu atriði er studd vætti allra annarra skipverja m/b Steinunnar svo og skipstjóra m/b Eskeyjar. Framburðir starfsmanna Landhelgisgæzlunnar stangast ekki á við þetta. Þeir sáu ekki bátinn vera að togveiðum. Var hann kyrrstæður, er flugvélin kom að. Engan fisk sáu þeir á dekki, né heldur báru þeir, að fiskur hafi verið í pökum, sem var ófráleystur.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir ei annað fært en að leggja áðurgreinda sögn ákærða til grundvallar, það er, að hann hafi ekki verið að togveiðum í umrætt sinn.

Ákærði kveðst hafa kastað um kl. 1300 utan fiskveiðilínu, en síðan hafi bátinn rekið upp að landi. Um kl. 1438 mældi flugvél Landhelgisgæzlunnar bátinn 1.3 sjómílur innan fiskveiðilínu. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa athugað þetta atriði sérstaklega. Telja þeir, að á þessum tíma hafi straumur legið í vesturátt með og upp að landi. Háflóð var við Ingólfshöfða kl. 1553 þennan

dag og harðasta fallið frá kl. 1130 til kl. 1400. Þrátt fyrir norðan-golu telja þeir vel mögulegt, að bátinn hafi rekið að landi þá vegalengd og á þeim tíma, sem ákærði greinir. Þá hafa þeir einnig látið í ljósi þá skoðun, að varhugavert sé að ráða stefnu rekandi báts af legu pokans, sem liggja yfirleitt þeim megin, sem lyft er.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykja ekki komnar fram nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi kastað og ætlað að hefja togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna.

Verður ekki talið, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961.

Hins vegar er ljóst með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að veiðarfæri m/b Steinunnar hafi ekki verið í búlka innanborðs umrætt sinn, svo sem skylt er samkvæmt 2. gr. áðurnefndra laga. Þykir því rétt, að ákærða verði gerð refsing í samræmi við það samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

M/b Steinunn, SF 10, er 72 brúttórúmllestir að stærð.

Samkvæmt síðustu opinberu skýrslu er gullgengi íslenzku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 seðla-krónum. Þykir refsing ákærða því samkvæmt 2. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt, er greiðist til Landhelgisgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Ásgrímsson, greiði 20 þúsund krónur í sekt til Landhelgisgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.